

Ár 2015, föstudaginn 20. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 3. október 2014 frá velferðarráðuneytinu. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð taki ákvörðun um laun forstjóra nýrrar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands sem tók til starfa 1. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnananna á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, heilsugæslustöðvanna á Dalvík og Akureyri og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Með bréfi dagsettu 15. október 2014 var forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið í tilefni af væntanlegri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt var velferðarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Forstjórinn sendi kjararáði bréf dagsett 31. október 2014. Í bréfinu segir að með sameiningu heilbrigðisstofnananna á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, heilsugæslustöðvanna á Dalvík og Akureyri og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga hafi umfang starfs forstjóra aukist verulega. Með sameiningunni hafi forstjórum fækkað um fjóra og umfang starfs forstjóra aukist að sama skapi. Stofnunin muni velta yfir fjórum milljörðum króna, hafa yfir 500 starfsmenn og reka 18 starfsstöðvar. Fram kemur í bréfinu að stofnunin sinni þjónustu á víðfeðmu svæði sem ná frá Þórshöfn til Blönduóss, en á milli þessara staða séu um 400 km. Starfseiningar séu margar og enginn þeirra sé afgerandi stærst sem leiði til þess að forstjóri verði að vera sýnilegur á þeim öllum. Ljóst sé að starfinu muni fylgja mikil ferðalög og vinna utan dagvinnutíma því tengdu. Þá segir í bréfinu að stofnuninni sé ætlað að taka við verkefnum frá velferðarráðuneyti og hafa meira sjálfðæmi um það hvernig og hvaða þjónusta sé veitt á svæðinu. Stofnunin þurfi að ákveða fjárveitingu til einstakra svæða í einhverjum mæli. Þessu fylgi aukin ábyrgð fyrir stjórnendur og eðlilegt að slíkt sé metið til launa. Þá fylgi starfinu mikil samskipti við sveitarstjórnir en um tuttugu sveitarfélög séu á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Norðurlands.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 17. nóvember 2014. Í bréfinu segir að ljóst sé að mun meira álag hljóti að hvíla á forstjóra nýrrar heilbrigðisstofnunar þar sem stofnunin hafi stækkað umtalsvert við sameininguna. Ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við ákvörðun á launakjörum forstjórans.

Velferðarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 2. desember 2014. Í bréfinu segir að þann 1. október 2014 hafi sex stofnanir, þ.e. Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð, Heilsugæslustöðin Dalvík, Heilsugæslustöðin á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga verið sameinaðar í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Fyrir sameininguna hafi fimm forstjórar verið starfandi við þessar stofnanir en forstjóri Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar hafi jafnframt séð um rekstur Heilsugæslunnar á Dalvík. Eftir sameininguna verði ársvelta hinnar nýju stofnunar nálægt 4 milljörðum króna og fjöldi starfsmanna um 450 í 330 ársverkum. Starfsemi stofnunarinnar sé dreifð á stórt landsvæði eða frá A-Húnavatnssýslu að miðju Langanesi. Telur ráðuneytið að við ákvörðun launa forstjórans þurfi að horfa til stærðar og umfangs stofnunarinnar ásamt því að taka tillit til þess að stofnunin sé eina heilbrigðisstofnunin á þessu stóra landsvæði. Mikil ábyrgð hvíli á herðum forstjórans að sjá til þess að veitt sé góð heilbrigðisþjónusta á öllu svæðinu í samræmi við lög.

Með bréfi dagsettu 9. desember 2014 fékk forstjórinn send bréf velferðarráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í tölvubréfi forstjórans dagsettu 22. desember 2014 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna að öðru leyti en því að áréttað er að hjá stofnuninni starfi yfir 500 starfsmenn en ekki 450 eins og fram komi í bréfi velferðarráðuneytisins.

III.

Lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu taka til skipulags heilbrigðisþjónustu. Markmið laganna er að allir landsmenn eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Í lögnum segir að landinu skuli skipt í heilbrigðisumdæmi og skal kveðið á um skiptinguna í reglugerð. Heilbrigðisstofnanir sem veita almenna heilbrigðisþjónustu í hverju umdæmi skulu hafa með sér samstarf um skipulag heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Ráðherra getur, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið að sameina heilbrigðisstofnanir innan heilbrigðisumdæmis með reglugerð.

Í lögnum segir að í hverju heilbrigðisumdæmi skuli starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem veiti almenna heilbrigðisþjónustu í umdæminu. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um starfsemi heilbrigðisstofnana í hverju umdæmi og þá heilbrigðisþjónustu sem þar er veitt.

Forstjórar heilbrigðisstofnana eru skipaðir af ráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun og/eða reynslu af rekstri og stjórnun sem nýtist honum í starfi. Ráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn til að meta hæfni umsækjenda um stöður forstjóra heilbrigðisstofnana. Fulltrúar í nefndinni skulu hafa þekkingu á rekstri, starfsmannamálum, stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu. Engan má skipa til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan. Ráðherra setur forstjóra heilbrigðisstofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í þjónustu og rekstri stofnunar og verkefni hennar til lengri og skemmri tíma. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir og að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Forstjórar heilbrigðisstofnana ráða starfslíð þeirra. Þeir skulu í samráði við framkvæmdastjórn gera tillögu að skipuriti stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar. Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra.

Á heilbrigðisstofnun skal starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra. Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna.

Samkvæmt reglugerð um heilbrigðisumdæmi nr. 1084/2014 er landinu skipt í sjö heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmi Norðurlands nær yfir sveitarfélögin Húnavatnshrepp, Blönduósbæ, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörð, Akrahrepp, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarkaupstað, Svalbarðsstrandarhrepp, Grýtubakkahrepp, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshrepp, Skútustaðahrepp, Svalbarðshrepp og Langanesbyggð að frátöldum fyrrum Skeggjastaðahreppi. Í umdæminu skulu Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Sjúkrahúsið á Akureyri veita almenna heilbrigðisþjónustu eftir því sem við á að því marki sem sveitarfélögum eða öðrum aðilum hefur ekki verið falið að veita þjónustuna.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að

föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærra en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að kjararáð skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands er ný stofnun sem varð til þann 1. október 2014 við sameiningu sex misstórra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Við ákvörðun launa forstjóra stofnunarinnar hefur verið tekið mið af stærð og umfangi hinnar nýju stofnunar. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir var einnig höfð hliðsjón af launum forstjóra annarra heilbrigðisstofnana.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2014 skulu mánaðarlaun forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 136, nú 817.398 krónur. Að auki skal greiða honum 28 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Heilbrigðisstofnunar Norðurlands gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Óskar Bergsson